

17  
19. maí

## L Ö G

um

stofnun flugmálasjóðs Íslands.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau  
með samþykki Voru:

## 1. gr.

Meðan flugvélar eru notaðar til sildarleitar, skal aukagjald lagt á hvert sildarmál og hverja tunnu saltaðrar sildar, og skal með aukagjöldum þessum stofnaður flugmálasjóður Íslands.

## 2. gr.

Tekjum sjóðsins skal fyrst og fremst varið til þess að standast kostnað af notkun flugvéla til sildarleitar og til þess að koma skipulagi á samvinnu milli flugvéla og sildarskipa, enda sé þá haldið uppi stöðugri sildarleit með þar til hæfri flugvél frá 15. júní til 15. sept. ár hvert, meðan sjóðurinn starfar. Að öðru leyti skal tekjum sjóðsins varið til flugferða á Íslandi innan þeirra takmarka, sem segir í 5. gr.

## 3. gr.

Hvert skip, er veiðir sild með herpinót, skal gjalda í sjóð þennan 10 auru af hverju máli bræðslusildar og af hverri tunnu saltaðrar sildar eða annarar verkaðrar sildar. Eitt mál bræðslusildar skal talið 135 kg. og skal jafngilda einni tunnu saltaðrar sildar.

## 4. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skipar fyrir með reglugerð um, hversu innheimta skuli gjöld þessi og um tilhögun á starfsemi sjóðsins.

## 5. gr.

Sjóður þessi tekur til starfa 1930, og má verja allt að  $\frac{9}{10}$  af tekjum

hvers árs í ofan nefndu markmiði, en  $\frac{1}{10}$  skal lagður í sjóð til eflingar flugferðum. 17  
19. maí

6. gr.

Atvinnumálaráðuneytið hefir á hendi stjórn sjóðsins og skal það ávaxta fé hans í Landsbankanum. Reikningur sjóðsins skal árlega birtur í Stjórnartíðindunum.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

*Gjört á Amaliuborg, 19. maí 1930.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**  
(L. S.)

*Tryggvi Þórhallsson.*

## L Ö G

18

19. maí

um

sölu lands undan prestssetrinu Borg á Mýrum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Borgarneshreppi í Mýrasýslu þann hluta úr landi prestssetursins Borgar á Mýrum, sem er innan takmarka hreppsins.